




MENNTASKÓLINN  
VIÐ SUND

# Kynjajafnrétti í MS

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs



Skýrsla um þróunarverkefni  
Skólaárið 2013-2014  
Menntaskólinn við Sund  
Hjördís Þorgeirsdóttir

## Efnisyfirlit

Forsagan .....	3
1. Markmið um kynjajafnrétti í MS .....	3
2. Leiðir til að ná markmiðum .....	3
3. Frávik og hindranir miðað við áætlun verkefnis .....	4
4. Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið .....	4
5. Niðurstöður og mat á verkefninu .....	4
5.1. Jafnréttisstefna MS .....	4
5.2. Jafnrétti kynjanna í skólanámskrá MS .....	5
5.3. Jafnréttisdagur MS .....	6
5.4. Kynjuð samskipti í skólastofunni í MS .....	8
5.5. Kynjajafnrétti í félagslífi nemenda MS .....	10
6. Kynning á þróunarverkefninu um kynjajafnrétti .....	12
Lokaorð .....	12
Heimildir .....	13
Viðauki 1: Grein um feminisma í árshátíðarblaði MS 2014 .....	15

## Forsagan

Á haustönn 2012 varð birting myndefnis frá Skólafélagi MS á netinu til þess að vekja umræður um birtingarmyndir klámvæðingarinnar í samfélaginu og þær staðalmyndir kynjanna sem henni fylgja og áhrif þeirra á nemendur í framhaldsskólum. Í kjölfarið fóru fram umræður meðal starfsmanna og nemenda um möguleg viðbrögð bæði skólans og nemendafélags MS til að stuðla að jafnrétti kynjanna og auka virðingu í samskiptum kynjanna. Ákveðið var að endurvekja verkefnisstjórn um jafnréttisfulltrúa frá áramótum 2012-2013, halda jafnréttisdag á vorönn 2013, halda fræðslufund fyrir starfsmenn og stofna gæðamatshóp með öllu útgáfuefni nemendafélags MS. Í framhaldi af því var ákveðið að sækja um þróunarstyrk til að vinna áfram að þessum málum með það að markmiði að auka kynjajafnrétti innan MS.

### 1. Markmið um kynjajafnrétti í MS

Meginmarkmið:

- Auka jafnrétti kynjanna í MS bæði í skólastofunni og í félagslífi nemenda.
- Auka gagnkvæma virðingu í samskiptum kynjanna bæði í skólastofunni og í félagslífi nemenda.

Deilimarkmið:

- Kortleggja í hvaða áföngum og hvernig fræðslu um jafnrétti kynjanna og kynheilbrigði er háttað í skólanámskrá og í áfangalýsingum sem búið er að semja fyrir nýja skólanámskrá.
- Endurskoða jafnréttisstefnu MS.
- Stofna starfshóp um jafnréttismál með fulltrúum starfsmanna og nemenda.
- Móta skipulag jafnréttisdags með áherslu á lýðræðislega þátttöku alls skólasamfélagsins og sköpun.
- Móta viðmiðunarreglur fyrir kynjað gæðamat á útgáfuefni nemendafélags MS.
- Auka þekkingu og skilning á samskiptum kynjanna í skólastofunni.

### 2. Leiðir til að ná markmiðum

Þróunarverkefnið um kynjajafnrétti í MS skiptist í fimm þætti. Í fyrsta lagi mótun ramma um jafnréttismálin í MS þ.e. endurskoðuð jafnréttisstefna, aðgerðaráætlun, jafnréttishópur. Í öðru lagi kortlagning fagstjóra á því hvernig jafnréttismálum og kynheilbrigði er sinnt í skólanámskrá MS. Í þriðja lagi starfendarannsóknir fjögurra kennara á kynjuðum samskiptum í skólastofunni. Í fjórða lagi að móta skipulag jafnréttisdags MS og í fimmta lagi að móta viðmiðunarreglur fyrir kynjað gæðamat á útgáfuefni nemendafélags MS.

### 3. Frávik og hindranir miðað við áætlun verkefnis

Vinnan gekk nokkuð vel við alla þætti þróunarverkefnisins nema að ekki er lokið við að móta viðmiðunarreglur fyrir kynjað gæðamat á útgáfuefni nemendafélags MS og umræður fagstjóra um jafnrétti kynjanna í skólanámskrá MS eru einnig eftir. Hugmyndin var að vinna það á vorönn en verkfall félagsmanna FF og FS setti strik í reikninginn og skapaði mikið álag og einnig hafði skipting starfseminnar í þrjú hús vegna byggingaframkvæmda áhrif.

### 4. Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið

Aukin athygli beindist að jafnrétti kynjanna bæði meðal starfsmanna og nemenda MS og aukin fræðsla og umræða varð til að auka meðvitund fólks um jafnréttismál. Fagstjórar og kennarar urðu meðvitaðri um kynjaða nálgun við mótun nýrrar skólanámskrár og í samskiptum sínum við nemendur í skólastofunni. Mikil þátttaka nemenda í dagskrá Jafnréttisdagsins vekur von um aukna meðvitund nemenda um mikilvægi umræðu um kynjajafnrétti. Nemendur stofnuðu femínistafélagið Blævi/Blæ og meiri blöndun var í framboðshópum í ýmsar stjórnir innan nemendafélagsins í vor en undanfarin ár.

### 5. Niðurstöður og mat á verkefninu

#### 5.1. Jafnréttisstefna MS

Samkvæmt lögum um jafna stöðu karla og kvenna frá 2008 ber stofnunum að setja sér jafnréttisáætlun og endurskoða hana á þriggja ára fresti (Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 2008). Jafnréttisstefnu MS er að finna á heimasíðu MS en hún var endurskoðuð 2013 (Menntaskólinn við Sund, 2014).

Jafnréttisstefna Menntaskólans við Sund byggir á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla því að sá réttur er varinn í stjórnarskrá Íslands og mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Jafnréttisstefna Menntaskólans við Sund snýst um jafnrétti kynjanna, [mannréttindastefna](#) skólans tekur á öðrum þáttum jafnréttis.

- Markmiðið er að stuðla að jafnrétti kynjanna í Menntaskólanum við Sund, jöfnum tækifærum, áhrifum og virðingu karla og kvenna bæði meðal starfsmanna og nemenda skólans.
- Grunnildi Menntaskólans við Sund eru virðing, jafnrétti, ábyrgð og heiðarleiki. Gildin skulu endurspeglast í öllu starfi skólans og samskiptum manna á milli.
- Unnið verður að jafnrétti til menntunar með því að stuðla að því að hver einstaklingur nýti hæfileika sína og krafta sem best óháð kynferði og án hamlandi áhrifa hefðbundinna kynjaímynda.
- Veitt verður fræðsla um jafnréttismál.
- Fjölbreyttar kennsluáðferðir verða notaðar í öllum námsgreinum til að höfða til beggja kynja.
- Nemendur eiga jafnan aðgang að þjónustu skólans óháð kyni og styrkja skal jákvæð samskipti og gagnkvæma virðingu kynjanna í öllu skólastarfi.
- Áhersla er lögð á góða líðan allra starfsmanna og nemenda skólans. Allir starfsmenn og nemendur eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu og þeir sæti ekki kynferðislegri áreitni, einelti eða öðru ofbeldi.
- Stuðlað verður að jafnrétti kynjanna í félagslífi nemenda m.a. með gæðaeftirliti og kynjuðu gæðamati á útgáfu efnis.
- Jafnréttisáætlun er unnin í samstarfi við starfsfólk og skólaráð skólans og er endurskoðuð annað hvert ár.
- Jafnréttisstefnu skólans er framfylgt með [jafnréttisáætlun](#).

Kristbjörg Ágústsdóttir, kennari í umhverfisfræði var ráðin sem jafnréttisfulltrúi á vorönn 2013 og hélt hún áfram skólaárið 2013-2014 og tók virkan þátt í vinnu þróunarverkefnisins. Starfslýsing jafnréttisfulltrúa er birt á heimasíðu skólans og er nú eftirfarandi: „**Jafnréttisfulltrúi** vinnur að jafnréttisstefnu skólans og stuðlar að framkvæmd aðgerðaáætlunar í jafnréttismálum á hverjum tíma í samvinnu við stjórn skólans. Jafnréttisfulltrúi vinnur með félagsmálafulltrúum og fulltrúum nemenda að gæðamati á útgáfuefni á vegum Skólafélags MS og stuðlar að því að jafnréttis kynjanna sé gætt í félagslífi nemenda“. Kristbjörg Ágústsdóttir hefur í samráði við stjórnendur og starfsmenn MS sett fram eftirfarandi aðgerðaráætlun um jafnrétti kynjanna og er hana að finna á heimasíðu MS (Menntaskólinn við Sund, 2014).

#### **Aðgerðaáætlun um jafnréttismál**

##### **Meginmarkmið aðgerðaáætlunar er að styrkja jafnrétti kynjanna í MS**

- Vinna að tölulegum upplýsingum um stöðu kynjanna innan skólans
- Vinna að tölulegum upplýsingum um hvar jafnréttisfræðsla og umræða um jafnrétti fer fram í kennslu og námsgreinum.
- Töluleg gögn verði kyngreind á heimasíðu MS.
- Koma umræðum um jafnréttismál að í umfjöllun þar sem það á við
- Halda jafnréttisdag a.m.k. einu sinni á skólaári þar sem hefðbundin kennsla er brotin upp.
- Halda fræðslufundi um jafnrétti og samskipti kynjanna.
- Kennarar og stjórnendur hvattir til að skoða öll málefni út frá sjónarhóli bæði karla og kvenna.
- Aðgerðaráætlunina skal endurskoða í upphafi skólaárs af jafnréttisfulltrúa skólans í samstarfi við starfsfólk og skólaráð.

#### **5.2. Jafnrétti kynjanna í skólanámskrá MS**

Einn þáttur í þróunarverkefninu var að kanna hvernig væri fjallað um kynjajafnrétti í skólanámskrá MS. Verkefnið var unnið á þann veg að óskað var eftir við alla fagstjóra að þeir myndu skoða hvar og hvernig fjallað er um jafnrétti kynjanna og kynheilbrigði í viðkomandi námsgreinum og í valgreinum. Jafnréttisfulltrúi MS tók svo saman niðurstöður úr svörum sem bárust. Óskað var eftir að námsgreinar væru skoðaðar út frá eftirfarandi þáttum:

1. HVAR – í hvaða fagi er fjallað um jafnrétti kynjanna?
2. HVAÐ – hvaða efni er notað (bók, grein, ...)?
3. HVERNIG – hvernig er fjallað um efnið (verkefni, umræður, fyrirlestur...)?

Við MS eru 15 fagstjórar og bárust svör frá 7 þeirra. Líklegt er að þeir sem ekki svöruðu telji að ekki sé fjallað um þetta málefni í þeirra fagi en það þarf að ræða nánar á fagstjórafundi á haustönn 2014. Ljóst er að námsgreinar eru mismunandi í stakk búna til að fjalla um jafnrétti og kynheilbrigði. Þær greinar þar sem markvisst er kennt um jafnrétti eru lífsleikni og félagsfræði og þessa námsáfangna sækja allir nemendur skólans á sínu fyrsta námsári í MS.

Í lífsleikni er kennd bókin Kynungabók eftir Berglindi Rós Magnúsdóttur, Guðrúnu M. Guðmundsdóttur, Jónu Pálsdóttur, Kristínu Ástgeirsdóttur og Kristínu Jónsdóttur sem er helguð jafnréttismálum en í félagsfræði er kennd bókin Félagsfræði 1, einstaklingur og samfélag eftir Garðar Gíslason þar sem fjallað er um jafnrétti kynjanna á ýmsum sviðum samfélagsins. Í báðum námsgreinum eru ýmis verkefni um jafnrétti kynjanna unnin af nemendum. Í félagsfræði er einnig fjallað um jafnrétti kynjanna í efri áföngum sem eingöngu eru fyrir nemendur á félagsfræðabraut, félagsfræðakjörsviði. Aðrar greinar eins og íslenska og líffræði eru einnig vel í stakk búnar til að fjalla um jafnrétti en gera það ekki markvisst. Náms efni greina eins og hagfræði og jarðfræði bjóða ekki upp á umfjöllun um jafnrétti en kennarar reyna að koma af stað umræðum um kynjajafnrétti þegar og þar sem við á. Einnig ræða kennarar um jafnréttismál við nemendur í tengslum við félagslíf og almenna umræðu í þjóðfélaginu (Kristbjörg Ágústsdóttir, 2014). Um kynheilbrigði er ekki fjallað í neinni kjarnanámsgrein en um það var sérstaklega fjallað í valgreininni Mannslíkaminn í sögu og samtíð en sú valgrein var ekki kennd í vetur.


Skólaárið 2013-2014 voru tvær valgreinar kenndar sem tengjast kynjajafnrétti þ.e. Kynjafræði og Konur í enskum bókmenntum og kvikmyndum. Á næsta skólaári verður áfram kennd valgreinin um konur í enskum bókmenntum og kvikmyndum og einnig áfangi um kynlíf og samfélag sem er þörf nýjung til að sporna við klámvæðingunni í samfélaginu. Kynjafræði var áfram í boði en ekki náðist nægur fjöldi í þetta skiptið.

### 5.3. Jafnréttisdagur MS

Jafnréttisdagur MS var haldinn í annað sinn þann 23. janúar 2014. Jafnréttisdagurinn var í ár skipulagður af jafnréttishópi MS sem skipaður var eftirfarandi einstaklingum skólaárið 2013 til 2014:

Jafnréttishópur
Kristbjörg Ágústsdóttir jafnréttisfulltrúi
Arnar Tjörvi Charlesson ritari SMS
Ástrós Eir Kristinsdóttir varaformaður Blævar
Dagný Kristjánsdóttir formaður Blævar
Hjördís Þorgeirsdóttir konrektor,
Jakob Steinn Stefánsson, árnaður
Jónína Þórólfsdóttir kennari í kynjafræði
Leifur Ingi Vilmondarson félagsmálafulltrúi og félagsfræðikennari
Margrét Björg Ástvaldsdóttir talskona Blævar
Melkorka Matthíasdóttir, jarðfræðikennari
Ólóf María Gunnarsdóttir gjaldkeri Blævar
Sigurjón Ingi Hilmarsson talsmaður Blævar

Dagskrá jafnréttisdagsins var einnig rædd á fundi með nemendum í valgreininu kynjafræði og kennara þeirra, Jónínu Helgu Þórólfsdóttur.



Mynd 1  
Blær kynnir starfsemi sína á jafnréttisdegi MS 2014.  
Myndasmiður Hafsteinn Óskarsson.



Mynd 2  
Eva flytur lög á jafnréttisdegi MS 2014.  
Myndasmiður Hafsteinn Óskarsson.

Boðið var upp á sameiginlega dagskrá fyrir alla nemendur og starfsmenn skólans á sal, sjá myndir hér að ofan og einnig gat hver bekkur valið að sækja fræðsluerindi eða hafa umræður í kennslustund um kynjajafnrétti á völdum tímum yfir daginn. Nemendur völdu fræðsluerindin fram yfir umræður eins og sjá má á eftirfarandi dagskrá jafnréttisdagsins því enginn bekkur valdi umræður. Staðsetning fræðsluerinda var valin út frá því hversu margir bekkir völdu hvert fræðsluerindi en tveir til fjórir bekkir hlýddu á fræðsluerindi á sama tíma. Skipulagið virkaði vel en niðurstaðan er samt sú að það sé ekki endilega rétt að móta fast form fyrir skipulag jafnréttisdagsins heldur hafa það frekar breytilegt milli ára og laga skipulagið að því viðfangsefni sem valið er hverju sinni.


Jafnréttisdagur Menntaskólans við Sund 2014 fimmtudaginn 23. janúar 2014					
Kl. 10:30 Sameiginleg dagskrá í Hálogalandi:		1. Blær, feministafélag MS kynnir starfsemi sína			
2. Tónlistaratriði, Eva		3. Hildur Lilendahl flytur erindi			
Fundarstjóri: Andri Steinn Hilmarsson fyrirverandi ármaður MS					
Skipulag fræðsluerinda:					
Kl. 9:45	Staðsetning				
Sigrúður Guðmundsdóttir, Kvennaathvarfið: Ofbeldi í samböndum og á stefnumótum	Stofur 13-14				
Sigríður Dögg Arnardóttir (SiggaDögg), kynfræðingur: Kynlíf karla og kvenna.	Bjarmaland				
Finnborg Salome Steinþórsdóttir, lögreglan: Jafnrétti innan lögreglunnar.	Stofa 22				
Kl. 12:30					
Egill Fannar Halldórsson og Víktor Sveinsson fyrirverandi MS-ingar: Viðhorf ungs fólks til feminisma	Stofur 13-14				
Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, BHS: Kynjamyndir í auglýsingum	Bjarmaland				
Kl. 13:15					
Sigríður Dögg Arnardóttir (SiggaDögg), kynfræðingur: Kynlíf karla og kvenna.	Bjarmaland				
Helgi Gunnlaugsson, HÍ: Ólík afbrot kynjanna	Stofa 25				
Egill Fannar Halldórsson og Víktor Sveinsson fyrirverandi MS-ingar: Viðhorf ungs fólks til feminisma	Stofur 13-14				

Mynd 3  
Dagskrá Jafnréttisdags MS 2014

#### 5.4. Kynjuð samskipti í skólastofunni í MS

Þrjár starfendarannsóknir voru unnar af kennurum skólaárið 2013-2014 um kynjafnrétti í MS, ein þverfagleg í félagsfræði og jarðfræði um jafnrétti kynjanna í skólastofunni, ein þverfagleg í félagsfræði og íslensku um kynjaða nálgun í valgreininni Hungurleikarnir og ein um kynjafnrétti í umhverfisfræði.

Leifur Ingi Vilmundarson, kennari í félagsfræði og Melkorka Matthíasdóttir, kennari í jarðfræði unnu viðhorfskönnun meðan nemenda sinna á 1. og 4. námsári sem alls 76 nemendur tóku þátt í. Markmið þeirra var að skoða hvort kennsluaðferðir henti báðum kynjum jafnt, hvort strákar upplifi kennsluna öðruvísi en stelpur og hvort kynjunum líði eins í skólastofunni (Leifur Ingi Vilmundarson og Melkorka Matthíasdóttir, 2014).



Mynd 4  
Hvernig líður nemendum í kennslustundum?  
Leifur Ingi Vilmundarson og Melkorka Matthíasdóttir 2014

Út frá myndritum á mynd 4 hér að ofan er greinilegt að flestum líður mjög vel eða vel í skólastofunni í MS eða 87% stelpna og 82% stráka. En 8% stelpna líður illa en 0% stráka. Það er áhyggjuefni að 8% stelpna líður illa í skólastofunni í MS og það þarfnast nánari skoðunar hvað orsakar þessa vallíðan og til hvaða ráðstafana skólinn geti gripið til að breyta þessu.



## Skiptir kyn kennarans nemendur máli?



Mynd 5

Skiptir kyn kennarans nemendur máli?

Leifur Ingi Vilmundarson og Melkorka Matthíasdóttir, 2014

Það er greinilegur kynjamunur í svörum nemenda við spurningunni skiptir kyn kennarans nemendur máli eins og sjá má á myndritum á mynd 5 þar sem 66% stelpna er þessu mjög sammála eða sammála en 59% stráka. Þetta þýðir að um 40% telja að kyn kennarans skipti máli og sérstaklega vekur athygli að 19% strákanna telja kyn kennarans skipta máli (eru ósammála fullyrðingunni) á móti 8% stelpnanna. (Leifur Ingi Vilmundarson og Melkorka Matthíasdóttir, 2014). Þannig að álykta má að strákar telja kyn kennarans skipta meira máli en stelpum. Forvitnilegt væri að gera frekari rannsókn á þessu t.d. með viðtölum til að skoða hvernig nemendur telja að kyn kennarans hafi áhrif í skólastofunni.

Leifur Ingi Vilmundarson, kennari í félagsfræði og Lilja Dögg Gunnarsdóttir, kennari í íslensku unnu saman að þverfaglegri valgrein, Hungurleikunum. Þar var markmiðið að hafa kynjaða nálgun allan tímann, lesa þrileikinn bæði út frá bókmenntalegri- og félagsfræðilegri nálgun og beita verkefnabundnu námi með fjölbreyttu námsmati (Leifur Ingi Vilmundarson og Lilja Dögg Gunnarsdóttir, 2014). Horft var á viðfangsefnin út frá sjónarhóli kynjanna og spurt hvort kyn skipti máli og hvernig. Skýr krafa var gerð til nemenda um sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og sköpun í tímum. Unnið var í teymum og nemendur unnu ýmist í kynjuðum eða blönduðum hópum. Áhersla var lögð á mikla hlutdeild nemenda í verkefnavali og útfærslu verkefna. Að mati kennara gekk valgreinin vel, afraksturinn góður, flott verkefni sem og kynningar nemenda. Að mati nemenda voru verkefnin erfið og jafnframt töldu þau

gagnlegt að setja upp kynjagleraugin (Leifur Ingi Vilmundarson Lilja Dögg Gunnarsdóttir, 2014).

### 5.5. Kynjajafnrétti í félagslífi nemenda MS

Á vorönn 2013 var stofnaður gæðamatshópur með öllu útgáfuefni nemendafélags MS þar sem félagsmálafulltrúar og jafnréttisfulltrúi skólans sitja og einnig fjórir fulltrúar nemenda valdir af nemendafélagi MS. Sá hópur hélt áfram að starfa á þessu skólaári. Flest efni er skoðað af hópnum og mikill árangur hefur náðst í að vekja meðvitund nemenda um ábyrgð þeirra gagnvart birtingu efnis. En ennþá finnast samt á netinu auglýsingamyndbönd á vegum hópa frá nemendafélagi MS sem eru ekki í samræmi við hugmyndir um jafna stöðu kynjanna, sbr. auglýsingu um golfmót MS 2013 <http://www.youtube.com/watch?v=uuMDPKff0Q> og mikilvægt er að vinna áfram á þessu sviði með nemendum sérstaklega þar sem nýir nemendur taka við stjórn nemendafélagsins á hverju ári.

Markmiðið var að fá þennan hóp til að setja niður viðmiðunarreglur um kynjajafnrétti og almenn siðaviðmið sem nemendur gætu haft til hliðsjónar þegar þeir sinna útgáfumálum til dæmis veggspjöld, skólablaðið Málgerði, útvarpi Mottu, auglýsingar fyrir viðburði á vegum nemendafélagsins. Þetta markmið náðist ekki en hugmyndin fékk góðar undirtektir nemenda. Að mati félagsmálafulltrúa hefur árangur náðst, nemendur eru orðnir meðvitaðir um kynjajafnrétti og mun minni afskipti þarf að hafa af nemendafélaginu. Einnig er það upplifun félagsmálafulltrúa að þegar gerðar eru athugasemdir í tengslum við þessi mál er þeim vel tekið og mun auðveldara að finna lausnir sem allir eru sáttir við en áður.

Í úttekt á félagslífi framhaldsskólanemenda sem Samband íslenskra framhaldsskólanema og mennta- og menningarmálaráðuneytið létu gera í ár kemur m.a. fram að það er í fyrsta skipti jöfn skipting kynja í formannsembætti á þessu skólaári og í heildina í ráðum innan nemendafélaganna er kynjaskiptingin nokkuð jöfn. En áhugi kynjanna beinast að ólíkum þáttum félagslífsins t.d. eru strákar í meirihluta í íþróttá- og myndbandaráðum og stelpur í meirihluta í leiklistar- og skemmtinefndum. En það er einmitt í myndböndum nemendafélaganna sem birtingarmyndir kven- og karlímynda í myndbandaefni framhaldsskólanema einkennast af hefðbundnum staðalímyndum og flest myndbönd sem skoðuð voru féllu á svokölluðu Bechdel jafnréttisprófi (Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Rakel Magnúsdóttir, 2014). Samkvæmt rannsókn Gerðar Bjarnadóttur og Guðnýar Guðbjörnsdóttur frá 2011 á menningu og viðhorfum framhaldsskólanemenda á Íslandi eru

stelpur mun jákvæðari gagnvart því en strákar að brjóta upp hefðbundið kynjamynstur (Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Rákel Magnúsdóttir, 2014).

Hópur nemenda í MS stofnaði femínistafélagið Blævi/Blæ 24. október 2013 og var félagið kynnt af stjórn félagsins á sameiginlegri dagskrá á jafnréttisdaginn á vorönn 2014. Stjórn félagsins kynnti einnig femínisma í árshátíðarblaði nemendafélagsins, Málfríði, sjá grein í viðauka og á veggspjöldum sem birtust m.a. í Monitor, sjá myndir hér að neðan og á <http://www.mbl.is/frettir/search/?period=0&category=&sort=1&q=fem%C3%ADnistaf%C3%A9lagi%C3%B0+bl%C3%A6r> („Þarf femínisma til að menn eins og ég deyi út“, 2014). Alls voru 8 femínistafélög stofnuð innan framhaldsskólanna í ár og er þetta mjög jákvæð þróun og vonandi munu þessi félög starfa áfram og ná sessi innan nemendafélaganna til að fá stuðning þeirra bæði til að fjármagna atburði og siðferðilegan stuðning gegn áróðri gegn femínistum.



Mynd 6

Blær kynnr femínisma með veggspjöldum ("Þarf femínisma til að menn eins og ég deyi út", 2014)

## 6. Kynning á þróunarverkefninu um kynjajafnrétti

Þróunarverkefnið um kynjajafnrétti hefur verið kynnt innan MS. Flestir nemendur og kennarar tóku þátt í dagskrá jafnréttisdagsins, starfendarannsóknir um jafnrétti kynjanna og kynjaða nálgun voru kynntar fyrir starfsmönnum á starfsdögum vorið 2014 og í starfendarannsóknarhópnum fyrr á skólaárinu. Á næsta skólaári verða niðurstöður um hvernig jafnrétti kynjanna birtist í skólanámskrá MS kynntar á fagstjórafundum og þær verða hafðar til hliðsjónar við samningu nýrrar skólanámskrár MS. Jafnréttisstefna og aðgerðaáætlun er kynnt á heimasíðu skólans. Þróunarverkefnið var kynnt fyrir Jafnréttisráði á fundi Jafnréttisráðs þann 12. febrúar 2014 þar sem fjallað var um leiðir til að auka jafnrétti kynjanna í framhaldsskólum m.a. út frá því hvernig unnið er að þeim málum innan MS. Lokaskýrsla um verkefnið er send til Sprotasjóðs og birt þar og einnig birt á heimasíðu MS. Mjög æskilegt væri að kynna niðurstöður verkefnisins víðar t.d. almennt fyrir skólastjórnendum framhaldsskólanna og um kynjuð samskipti í skólastofunni í grein í Netlu eða Skólavörðunni.

### Lokaorð

Í Aðalnámskrá, almennum hluta, 2011 bls. 20 er fjallað um jafnrétti kynjanna og þar segir: „Áherslu ber að leggja á að drengir og stúlkur eigi sem jafnasta og víðtækasta möguleika. Hvergi í skólastarfinu, í inntaki né starfsháttum, ættu að vera hindranir í vegi annars hvors kynsins“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012). Jafnrétti er einn af grunnþáttum menntunar og eitt af grunnþáttum MS. Það er mikilvægt að hverjum grunnþætti sé sinnt á öllum námsbrautum í einhverjum námsgreinum. Huga þarf að því við gerð nýrrar skólanámskrár MS að áfram sé fjallað um kynjajafnrétti í lífsleikni og félagsfræði og huga þarf að umfjöllun um kynheilbrigði í einhverjum námsgreinum t.d. líffræði og félagsfræði. Þetta þróunarverkefni er aðeins eitt lítið skref í þá átt að auka kynjajafnrétti innan MS. Það er langt í land og mikilvægt að stöðugt sé reynt að finna nýjar leiðir til að stuðla að jafnrétti kynjanna. Menntaskólinn við Sund þakkar Sprotasjóði mennta- og menningarmálaráðuneytisins kærlega fyrir þróunarstyrkinn um kynjajafnrétti í MS sem veitti okkur bæði fjárhagslegan stuðning og hvatningu til að vinna að því að auka kynjajafnrétti innan skólans.

Reykjavík, 18. júní 2014

Hjördís Þorgeirsdóttir, konrektor og verkefnisstjóri

Már Vilhjálmsson, rektor

## Heimildir

„Feminismi - Blær“ (2014) Málfríður, árshátíðarblað MS, bls. 26.

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Raket Magnúsdóttir (2014). Úttekt á félagslífi framhaldsskólanema. Samband íslenskra framhaldsskólanema og mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Kristbjörg Ágústsdóttir, K. (2014). Hvar er kennt um jafnrétti í MS. Menntaskólinn við Sund.

Leifur Ingi Vilmundarson og Lilja Dögg Gunnarsdóttir (2014). Verkefnamiðað nám og kynjuð nálgun. Menntaskólinn við Sund.

Leifur Ingi Vilmundarson og Melkorka Matthíasdóttir (2014). Jafnrétti kynjanna í skólastofunni. Menntaskólinn við Sund.

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (2008).

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2012). *Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011. Almennur hluti.*

Menntaskólinn við Sund (2014). Heimasíða Menntaskólans við Sund. <http://www.msund.is/> . Sótt 12.6.2014.

„Þarf femínisma til að menn eins og ég deyi út“ (2014). *Morgunblaðið - Monitor* frá [http://www.mbl.is/frettir/search/?period=0&category=&sort=1&qs=fem%C3%ADnista af%C3%A9lagi%C3%B0+bl%C3%A6r](http://www.mbl.is/frettir/search/?period=0&category=&sort=1&qs=fem%C3%ADnista%20af%C3%A9lagi%C3%B0+bl%C3%A6r). Sótt 12.6.2014.

Reykjavík, 18. júní 2014

---

Hjördís Þorgeirsdóttir, konrektor

---

Már Vilhjálmsson, rektor

## *Feminismi - Blær*

Jafnréttissinni, feminísti? Hvað er ég!?

Kæru MS-ingar, mig langar að spyrja ykkur tveggja spurninga.

Ert þú jafnréttissinni?

Ert þú feminísti?

Þessar spurningar geta vafist fyrir mörgum og nú gætu margir hugsað „Já ég er jafnréttissinni en ég er sko engin feminísti“. Sem mér þykir skrítið. Afhverju? Það að vera jafnréttissinni er einfaldlega að vilja jafnrétti í samfélaginu alls staðar. Mismuna ekki eftir kynþætti, kynhneigð, kyni, fötlun eða öðru.

Nú skulum við bera það saman við feminisma.

Feminísti er karl eða kona sem sér að jafnrétti kynjanna hafi ekki verið náð og vill gera eitthvað í því. Hljómar þetta ekki dálítið svipað? Það mætti því segja að feminismi sé í raun undirflokkur í baráttu um jafnrétti. Það sem margir halda um feminisma er ekki rétt. Svosem að þetta séu konur sem vilja vera ofar körlum o.s.frv. Þannig að ef þú segist vera jafnréttissinni en ekki feminísti þá ertu því miður í þversögn.

Segjum sem svo að þú værir karlkyns kassastarfsmaður í bónus. Myndi þér líða illa ef að samstarfsmaðurinn þinn, sem væri kona, væri í nákvæmlega sömu vinnu og þú en fær lægri laun? Ef svo þá ertu feminísti. Velkomin/n í klúbbinn.

Íslendingar eru fremstir í flokki hvað varðar jafnrétti. Eigum við þá bara að stoppa og segja þetta gott? Við erum kannski langt komin í jafnréttisbaráttu karla og kvenna en við erum ekki jöfn. Við erum t.d. enn með óútskýrðan launamun kynjanna og ef að hjón skilja, þá fær konan oftast sjálfkrafa umsjá yfir börnunum, sem er einfaldlega ósanngjarnt fyrir manninn.

Áður fyrr var konan nánast læst inni í húsi. Hún eldaði, hún þreif, hún sá um börnin og þjónaði eiginmanninum. Starfsferill var eingöngu fjarlægur draumur. Hvað þá að vera einstæð móðir? Við sjáum niðurstöður feminísmans með því að bera heiminn í dag við heiminn fyrir 50 árum síðan. Á þessum fáu árum höfum við farið svo langt. Það er einfaldlega engin ástæða til að hætta. Við verðum að halda áfram, öll sem eitt. Áfram við!

PS.

Ófgafeminismi? Eigum við ekki að hætta að nota þetta fánalega hugtak og kalla þessar konur það sem þær eru í raun og veru. Kvenrembur. Jebb, það er til.

